

**Skipan ráðgjafanefndar  
Gerðarsafns**

- Ráðgjafarnefnd Gerðarsafns skal skipuð þremur fulltrúum auk forstöðumanns Gerðarsafns, sem veitir nefndinni forstöðu.
- Nefndin skal skipuð tveimur fulltrúum sem SÍM tilnefnir og einum fulltrúa sem forstöðumaður Gerðarsafns tilnefnir.
- SÍM leggur fram tillögur að tveimur körlum og tveimur konum sem forstöðumaður Gerðarsafns velur úr.
- Fulltrúar nefndarinnar skulu valdir út frá faglegum forsendum þar sem hæfni, menntun, starfsreynsla, kynjavægi, aldur og annað, sem kann að skipta máli við valið, er haft að leiðarljósi.
- Hlutaverk ráðgjafanefndarinnar er að vera forstöðumanni til ráðgjafar um sýningar- og söfnunarstefnu og innkaup á aðföngum.
- Starfsemi nefndarinnar er á ábyrgð forstöðumanns Gerðarsafns og er nefndin bundin trúnaði í störfum sínum fyrir safnið.
- Hafi nefndarmenn beina hagsmuni af ákvarðanatökum sem fyrir liggja gilda um þá vanhæfisreglur líkt og gildir um aðra opinbera starfsmenn.
- Skipan nefndarinnar er háð samþykki lista- og menningarráðs.
- Starfstími nefndarinnar er til eins árs í senn með möguleika á framlengingu í eitt ár.
- Lista- og menningarráð ákvarðar árlega þóknun til Gerðarsafns til að mæta kostnaði vegna funda nefndarinnar.
- Forstöðumaður Gerðarsafns leggur fram til samþykktar fyrir lista- og menningarráð starfsreglur og starfsskyldur nefndarinnar þar sem einnig er tilgreint hvernig vinnuskyldu nefndarmanna er háttáð utan funda.
- Forstöðumaður Gerðarsafns boðar til nefndarfunda samkvæmt skipulagðri dagskrá með minnst tveggja daga fyrirvara.
- Forstöðumaður menningarmála Kópavogs er boðaður til nefndarfunda en er óbundinn af því að sitja alla fundi nefndarinnar.
- Forstöðumaður Gerðarsafns ritar fundargerðir sem lagðar eru fyrir lista- og menningarráð.
- Allar stórvægilegar tillögur nefndarinnar, eins og innkaup listaverka, skal bera undir lista- og menningarráð til samþykktar áður en ákvörðun liggur fyrir.
- Rísi ágreiningur upp meðal nefndarmanna hefur forstöðumaður Gerðarsafns úrslitavaldið í öllum tilfellum.

Samþykkt af lista- og menningarráði  
11. febrúar 2021,

Soffía Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála Kópavogs